

# STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 1994

---

Nr. 472

1458

23. ágúst 1994

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 397/1993 um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1994/1995.**

1. gr.

4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verði svohljóðandi:

Við útreikning á nýtingu greiðslumarks skal kjöt af dilkum og fullorðnu fé hafa sama vægi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1994.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Jón Höskuldsson.*

Nr. 473

24. ágúst 1994

## REGLUGERÐ

**um miðlun váttrygginga.**

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Með váttryggingamiðlara er átt við einstakling sem starfar á faglegum grundvelli og í atvinnuskyni við að koma á váttryggingasamningum í frumtryggingum milli váttryggingataka og váttryggingafélaga, hefur frelsi um val á váttryggingafélagi, hefur engin önnur fjárhagsleg tengsl við váttryggingafélag sem miðlað er til en þau sem tengjast þeim váttryggingasamningum sem komið er á, þar með talin tengsl vegna eignaraðildar eða annarra hagsmuna. Í starfseminni felst að undirbúa samninga um váttryggingu, og þar sem það á við, aðstoða við framkvæmd á slíkum samningum, einnig þegar krafa um váttryggingabætur er sett fram.

2. gr.

Sá einn má nota heitið váttryggingamiðlari hér á landi sem fengið hefur starfsleyfi og skráður hefur verið í váttryggingamiðlaraskrá.

Starfsemi lögaðila sem rekur váttryggingamiðlun hér á landi er háð starfsleyfi og skal

lögadilinn skráður í váttryggingamiðlaraskrá og þeir starfsmenn miðlunarinnar sem fá leyfi sem váttryggingamiðlarar.

Váttryggingamiðlari með starfsleyfi á hinu Evrópska efnahagssvæði sem starfar hér á landi, skal skráður hér og sama á við um lögðila sem hér rekur váttryggingamiðlun, sbr. 22. gr. Starfsleyfi þessara aðila skulu tekin gild hér á landi séu uppfyllt ákvæði 8. og 9. gr. eftir því sem við á.

Sé starfsemin ekki háð starfsleyfi í heimaríkinu skal váttryggingamiðlari eða váttryggingamiðlun sem lögðili leggja fram formlega umsókn um starfsleyfi. Sama gildir um aðila sem starfa utan Evrópska efnahagssvæðisins.

### 3. gr.

Váttryggingamiðlari má einungis miðla frumtryggingum til váttryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi. Starfsleyfi váttryggingafélags í aðildarríki Evrópsks efnahagssvæðis telst jafngilda starfsleyfi hér á landi enda séu uppfyllt skilyrði laga um váttryggingastarfsemi varðandi heimildir til stofnunar útibús og til að veita hér þjónustu.

### 4. gr.

Váttryggingaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi váttryggingamiðlara og lögðila sem reka váttryggingamiðlun hér á landi. Þessum aðilum er skylt að veita eftirlitinu allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja eftirliti með starfseminni, þar á meðal allar upplýsingar sem það óskar um váttryggingasamninga sem þeir hafa komið á vegna váttryggingaáhættu hér á landi. Váttryggingaeftirlitinu er heimilt að gera vettvangskonnnun í því skyni þegar þörf er á.

### 5. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar eiga ekki við um starfsemi sem rekin er í umboði einstakra váttryggingafélaga og þegar gert er samkomulag við váttryggingafélag eða félög sem takmarkar heimildir til miðlunar til annarra váttryggingafélaga.

Ákvæði reglugerðar þessarar eiga ekki við um starfsemi þar sem einungis fer fram tjónsuppgjör eða ráðgjöf á váttryggingasviði án þess að jafnframt sé starfað við að koma á váttryggingasamningum í frumtryggingum.

Leiki vafi á um hvort starfsemi falli undir ákvæði laga um váttryggingastarfsemi og reglugerðar þessarar, sker ráðherra váttryggingamála úr.

## Starfsleyfi. Hæfiskröfur.

### 6. gr.

Skrifleg umsókn um starfsleyfi og skráningu einstaklings sem váttryggingamiðlara skal send Váttryggingaeftirlitinu. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn, fæðingardagur og ár eða kennitala og lögheimili.
2. Heiti greinaflokka váttrygginga sem miðla á, sbr. 22. og 23. gr. laga um váttryggingastarfsemi, eða skaðatryggingar, persónutryggingar (líf-, sjúkra- og slysatryggingar) eða frumtryggingar í heild.
3. Upplýsingar um menntun og starfsreynslu á sviði váttrygginga og tengdum sviðum eða skírteini gefið út af lögbærum yfirvöldum eða þar til bærum aðilum um þá þekkingu sem umsækjandi býr yfir til starfans.
4. Yfirlýsing um fjáræði, óflekkað mannorð og að umsækjandi hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu, sbr. 10. gr.
5. Yfirlýsing umsækjanda um sjálfstæði gagnvart einstökum váttryggingafélögum og að

fjárhagsleg tengsl séu engin við váttryggingafélög, sem miðlað er til vegna eignar- aðildar eða hagsmuna annarra en þeirra sem tengjast þeim váttryggingasamningum sem komið er á. Um þá sem miðla fyrir Lloyd's, staðsett á Lundúnamarkaði, gildir að yfirlýsing skal gefin um sjálfstæði gagnvart öðrum váttryggingaaðilum.

6. Greinargerð um tengsl við einstök váttryggingafélög og félög í þeirra eigu.
7. Vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu, skilmála hennar og heiti og aðsetur hlutaðeigandi váttryggingafélags, sbr. 19. - 21. gr.

#### 7. gr.

Sæki váttryggingamiðlun sem lögaðili um starfsleyfi og skráningu skulu, eftirfarandi gögn lögð fram:

1. Heiti og lögheimili váttryggingamiðlunar og vottorð um firmaskráningu, nöfn stjórnarmanna og framkvæmdastjóra ásamt fæðingardegi og ári eða kennitölu og lögheimili hvers þeirra.
2. Gögn samkvæmt 6. gr. um þá váttryggingamiðlara sem starfa á vegum váttryggingamiðlunarinnar við miðlun váttryggingaáhættu hér á landi.

#### 8. gr.

Umsækjandi um starfsleyfi og/eða skráningu sem váttryggingamiðlari telst fullnægja kröfum um þekkingu og starfsreynslu ef hann uppfyllir eitt eftirtalinna skilyrða:

1. Hafi starfað sjálfstætt eða í stjórnunarstöðu samfelld í fjögur ár við váttryggingamiðlun.
2. Hafi starfað sjálfstætt eða í stjórnunarstöðu samfelld í tvö ár við váttryggingamiðlun og hafi starfað í þrjú ár með váttryggingaumboðsmönnum eða váttryggingamiðlurum eða hjá váttryggingafélögum.
3. Hafi starfað sjálfstætt eða í stjórnunarstöðu samfelld í eitt ár við váttryggingamiðlun og leggi fram skírteini eða gögn um að hann hafi hlotið þjálfun til starfars sem viðurkennd er af stjórnvöldum eða þjálfun sem til þess bært fagfélag telur að uppfylli allar tilskildar kröfur.
4. Hafi starfað sjálfstætt eða í stjórnunarstöðu samfelld í fjögur ár í váttryggingafélagi eða annars staðar á sviði váttrygginga.

Með starfi í stjórnunarstöðu skv. 1. - 4. tölul. er átt við starf framkvæmdastjóra, útibús- eða deildarstjóra eða fulltrúa þeirra með sambærilegri ábyrgð. Sama gildir hafi það heyrð undir störf hans í váttryggingafélagi að hafa umsjón með umboðsmönnum eða eftirlit með starfi þeirra. Störfum á váttryggingasviði sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. skal hafa fylgt ábyrgð í sambandi við öflun, umsjá eða framkvæmd váttryggingasamninga.

Eigi skulu hafa liðið meira en tíu ár síðan störfum sem tilgreind eru í 1. - 4. tölul. 1. mgr. lauk, þegar sótt er um starfsleyfi.

#### 9. gr.

Lögaðili sem sækir um starfsleyfi og/eða skráningu í váttryggingamiðlaraskrá skal sjá til þess að nægileg þekking og starfsreynsla sé fyrir hendi hjá þeim starfsmönnum sem ekki eru váttryggingamiðlarar en hafa með höndum störf sem talin eru í 1. gr. án þess að bera ábyrgð vegna váttryggingasamninga sem komið er á milli váttryggingataka og váttryggingafélaga.

Fullnægjandi telst hafi þessir starfsmenn:

1. starfað samfelld í tvö ár annaðhvort sjálfstætt eða með váttryggingamiðlurum, váttryggingaumboðsmönnum eða hjá váttryggingafélagi eða,
2. starfað í eitt ár eins og í 1. tölul. og leggi fram skírteini eða gögn um þjálfun sem talin er nægileg.

Hafi starfsmaður í að minnsta kosti eitt ár starfað við skilyrði samkvæmt 8. gr. skal einnig litið svo á að ákvæðum 1. mgr. sé fullnægt.

Hafi starfsmenn starfað í skemmri tíma en eitt ár, sbr. 2. tölul. 2. mgr. má telja kröfum fullnægt hafi lögaðili séð til þess að hafin sé nauðsynleg þjálfun þeirra starfsmanna sem innna störf þessi af hendi á hans vegum, eða þeir hafi þá þegar öðlast þjálfun sem Vátryggingaeftirlitið metur fullnægjandi.

#### 10. gr.

Umsækjandi um starfsleyfi og skráningu sem vátryggingamiðlari skal leggja fram vottorð um fjárræði og sakarvottorð eða sambærilegt skjal gefið út af til þess bæru yfirvaldi í dóms- eða stjórnkerfi heimaríkis umsækjanda eða upprunaríkis hans, er sanni að skilyrðum þessum sé fullnægt.

Séu skjöl af því tagi sem tilgreind eru í 1. mgr. ekki gefin út í heimaríki umsækjanda getur eiðsvarin yfirlýsing komið í staðinn eða yfirlýsing að viðlögðum drengskap sem hlutaðeigandi gefur til þess bæru yfirvaldi í dóms- eða stjórnkerfi eða lögbókanda og staðfest skal af þeim. Slík yfirlýsing gefin Vátryggingaeftirlitinu skal tekin gild hér á landi. Yfirlýsingu um að hlutaðeigandi hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu má einnig gefa frammi fyrir til þess bæru fagfélagi.

Skjöl gefin út samkvæmt 1. mgr. mega ekki vera eldri en þriggja mánaða talið frá útgáfudegi þegar þau eru lögð fram.

Staðfesting af til þess bærum aðilum á Evrópsku efnahagssvæði skal tekin gild hér á landi.

#### 11. gr.

Vátryggingamiðlari skal auk almennrar rekstrarkunnáttu, ráða yfir kunnáttu á sviðum vátrygginga og vátryggingastarfsemi sem eru:

- löggjöf um vátryggingastarfsemi þar sem vátryggingaáhættan er sem vátryggð er,
- löggjöf um vátryggingasamninga sem um þá áhættu gildir sem samningurinn á við um,
- helstu greinar vátrygginga og gildissvið þeirra,
- skaðabótarétt,
- áhættumeðferð, þ.e. áhættugreiningu, áhættumat, áhættustýringu og áhættufjármögnun,
- bótaúrræði samkvæmt almannatrygginga- og lífeyrissjóðakerfi,
- tjónsuppgjör,
- samningarétt þ.m.t. reglur um útboðs- og tilboðsgerð.

Hliðstæð kunnáttu fengin með vátryggingamiðlun erlendis skal tekin gild hér á landi. Vátryggingaeftirlitið metur hvort kröfum um kunnáttu teljist fullnægt. Í því efni er heimilt að gera mismunandi kröfur eftir því hvers konar vátryggingum viðkomandi hyggst miðla. Það skal metið fullnægjandi hafi hlutaðeigandi lokið námi og staðist próf í vátryggingamiðlun sem viðurkennt er til starfa sem reglugerð þessi á við um af þar til bærum aðilum, enda telji Vátryggingaeftirlitið það fullnægjandi.

Ráðuneyti vátryggingamála og Vátryggingaeftirlitið skulu beita sér fyrir því í samráði við þá aðila sem fagþekkingu hafa á vátryggingasviði hér á landi og aðra sem þar geta átt hlut að máli að fagleg menntun á sviði vátryggingamiðlunar komist á sem tryggi að starfsemi þessi sé rekin hér á landi á viðhlítandi hátt og með hag vátryggingataka fyrir augum. Ráðherra vátryggingamála skal skipa sérstaka nefnd sem skal hafa umsjón með námi á sviði vátryggingamiðlunar. Í nefndinni skulu sitja þrír menn, einn frá Vátryggingaeftirlitinu og tveir sérfróðir um vátryggingamál.

## 12. gr.

Vátryggingaefirlitið metur umsókn um starfsleyfi og/eða skráningu. Umsögn Vátryggingaefirlitsins skal liggja fyrir og send ráðherra innan mánaðar frá móttöku umsóknar og allra gagna sem fylgja eiga umsókn. Sé skilyrði leyfis uppfyllt og mæli Vátryggingaefirlitið með umsókninni veitir ráðherra vátryggingamála starfsleyfi.

Heimilt er að veita starfsleyfi til bráðabirgða í eitt ár þótt kröfum samkvæmt 8. - 11. gr. sé ekki fullnægt enda leggi umsækjandi, einstaklingur eða lögaðili fram gögn um þekkingu og starfsreynslu þeirra sem miðla eiga vátryggingum eða vinna eiga að undirbúningi miðlunar, sem ætla má að nægi til að hlutaðeigandi geti stundað starfsemina á viðhlítandi hátt, og geri jafnhliða þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tilskildum kröfum verði fullnægt.

Umsókn um fullt starfsleyfi ásamt gögnum um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið, sbr. 2. mgr., skal send Vátryggingaefirlitinu. Umsögn sína skal Vátryggingaefirlitið senda ráðherra innan mánaðar frá því að öll gögn liggja fyrir. Mæli Vátryggingaefirlitið með umsókninni veitir ráðherra starfsleyfi. Neitun um fullt starfsleyfi skal rökstudd ítarlega og tilkynnt umsækjanda skriflega. Heimilt er að framlengja leyfi til bráðabirgða mæli sérstakar ástæður með því.

## 13. gr.

Vátryggingamiðlari eða vátryggingamiðlun sem lögaðili, er hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga skal sækja um leyfi og skráningu til Vátryggingaefirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi. Í umsókn skal koma fram hvaða greinaflokka er fyrirhugað að taka upp og, þegar við á, gögn er sanni að gild starfsábyrgðartrygging sé fyrir hendi svo og önnur gögn sem Vátryggingaefirlitið telur nauðsynleg til að það geti metið umsóknina. Að fenginni umsögn Vátryggingaefirlitsins veitir ráðherra leyfi fyrir hinni nýju starfsemi.

## 14. gr.

Vanræki vátryggingamiðlari gróflega skyldur sínar, samrýmist starfsemin ekki hlutverki hans sem vátryggingamiðlara eða séu skilyrði starfsleyfis ekki lengur uppfyllt skal Vátryggingaefirlitið afturkalla starfsleyfi. Þó er heimilt, telji Vátryggingaefirlitið það fullnægjandi að veita viðvörun eða frest til úrbóta því sem úrskaiðis hefur farið.

Sé skráningarskyld vátryggingamiðlun rekin án starfsleyfis skal Vátryggingaefirlitið gera kröfu um að slíkri starfsemi verði hætt og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja þeirri kröfu. Einnig skal grípa til viðeigandi ráðstafana teljist miðlun vátrygginga í andstöðu við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi og ákvæði þessarar reglugerðar.

**Starfshættir.**

## 15. gr.

Vátryggingamiðlari skal veita ráðgjöf og aðstoð á hlutlægan hátt um þá valkosti í vátryggingum sem í boði eru á vátryggingamarkaði og samrýmast vátryggingaþörf þeirra sem hann starfar fyrir.

Miðli vátryggingamiðlari verulega stærri hluta iðgjaldamagns á ári hverju til eins og sama vátryggingafélags og umfram það sem vænta mætti miðað við markaðsstöðu hér á landi skulu Vátryggingaefirlitinu skýrðar ástæður þess.

Vátryggingamiðlari er skyld að upplýsa vátryggingataka sem hann starfar fyrir um hvers konar tengsl við einstök vátryggingafélög sem áhrif gætu haft á ráðgjöf og aðstoð miðlarans.

Skilyrði starfsleyfis til vátryggingamiðlunar teljast brostin, geri vátryggingamiðlari samkomulag við vátryggingafélag er skerðir frelsi hans til miðlunar til annarra félaga.

## 16. gr.

Í samningi váttryggingamiðlara við þá sem hann starfar fyrir skal koma fram í hverju umboð hans felst, hversu víðtækt það er og til hvaða þátta á starfsviði hans það nær. Samningurinn má vera í formi staðlaðs umboðs eða yfirlýsingar. Einnig skal koma fram hvort hann hefur heimild til að taka við fjármunum fyrir hönd umbjóðenda sinna og um skil á þeim.

Váttryggingamiðlara er skylt að upplýsa þá sem hann starfar fyrir um umboðslaun og þóknun sem hann þiggur frá váttryggingafélagi vegna viðskiptanna sé þess óskað. Váttryggingamiðlari má ekki taka við þóknun eða greiðslum af neinu tagi frá váttryggingafélagi nema vegna váttryggingasamninga sem komið hefur verið á milli váttryggingafélagsins og váttryggingataka.

Váttryggingamiðlari og þeir sem starfa á hans ábyrgð að verkefnum á starfssviði miðlara, skulu leitast við að upplýsa þá sem starfað er fyrir um það sem í boði er hjá félögum sem miðlað er til, og um valmöguleika almennt á váttryggingamarkaðnum á því sviði váttrygginga sem þjónusta er leitað.

## 17. gr.

Hafi váttryggingasamningur komist á er váttryggingamiðlara heimilt að taka við iðgjöldum fyrir hönd váttryggingafélags samkvæmt skriflegu samkomulagi þar um milli hans og félagsins. Í samkomulaginu skal m.a. skýrt kveðið á um skil váttryggingamiðlarans á iðgjöldum til félagsins og tímamörk. Váttryggingamiðlara er skylt að halda fjármunum þessum aðgreindum frá eigin fjármunum. Skulu þeir varðveittir á sérstökum bankareikningi, vörslufjárreikningi. Heimilt er að féð sé varðveitt á fleiri reikningum svo sem með sundurgreiningu á einstök váttryggingafélög eða á annan hátt.

## 18. gr.

Auglýsingar váttryggingamiðlara og gögn ætluð almenningi skulu veita hlutlægar upplýsingar um þá þjónustu sem veitt er og hlutleysis skal gætt gagnvart einstökum váttryggingafélögum. Í þeim má ekkert koma fram sem talist getur í andstöðu við kröfu um sjálfstæði váttryggingamiðlara gagnvart vali á einstökum váttryggingafélögum.

Ákvæði 1. mgr. um hlutleysi á ekki við um Lloyd's í Bretlandi sem hefur þá sérstöðu að starfa eingöngu fyrir milligöngu miðlunar. Ákvæðið á þá við um aðra váttryggingaaðila sem váttryggingamiðlari jafnframt starfar fyrir.

**Starfsábyrgðartrygging.**

## 19. gr.

Ábyrgð váttryggingamiðlunar fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

## 20. gr.

Váttryggingamiðlari skal kaupa starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur leyfi til starfsemi og að veita þjónustu hér á landi til að fullnægja váttryggingaskyldu sinni.

Váttryggingafjárhæð skal miðuð við þá áhættu sem í starfseminni felst, en að lágmarki eftirtöldum fjárhæðum vegna tjóna innan hvers váttryggingaárs:

1. 25 milljónum kr. þegar váttryggingamiðlari starfar á sviði persónutrygginga.
2. 150 milljónum kr. starfi váttryggingamiðlari að miðlun greinaflokka sem teljast til stóráhættu samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi að greiðsluváttryggingum undanteknum, eða í atvinnurekstri þar sem eru fleiri en 100 ársverk.

3. 50 milljónum kr. í öðrum váttryggingum en þeim sem tilgreindar eru í lið 1 og 2.

Starfi váttryggingamiðlari á fleiri en einu sviði samkvæmt 1. - 3. tölul., gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

Váttryggingaeftirlitið getur gert kröfu um að váttryggingafjárhæðir séu hærri en segir í 2. mgr. telji eftirlitið það nauðsynlegt vegna umfangs og eðlis starfseminnar og skal slík krafa rökstudd ítarlega.

Váttryggingin skal ná til þeirra tjónsatvika sem verða á váttryggingatímabili sbr. 91. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954. Váttryggingin skal greiða bætur vegna tjóns sem tjónþoli verður fyrir vegna starfsemi váttryggingamiðlara eða starfsmanna hans og valdið er af ásetningi eða gáleysi. Váttryggingafélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Heimilt er að leggja fram bankaábyrgð í stað váttryggingar vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hjá váttryggingafélagi enda veiti hún sambærilega vernd að mati Váttryggingaeftirlitsins.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu váttryggingataka í váttryggingaskilmálum en slíkt ákvæði hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Tilhögun eigin áhættu skal getið í váttryggingaskilmálum. Vilji váttryggingafélag fremur geta eigin áhættu í skírteini eða iðgjaldskvittun skal Váttryggingaeftirlitinu tilkynnt um slíka ákvörðun áður en hún kemur til framkvæmda.

Váttryggingin skal taka til starfsemi váttryggingamiðlara hvar sem er innan hins Evrópska efnahagssvæðis nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

Þegar lögaðili rekur váttryggingamiðlun telst váttryggingaskyldunni fullnægt með kaupum á sameiginlegri váttryggingu, enda komi nafn eða nöfn váttryggingamiðlara sem starfsleyfi hafa fram á skjölum og í auglýsingum váttryggingamiðlunarinnar.

Váttryggingaeftirlitið skal gera tillögu til ráðherra váttryggingamála um breytingar á fjárhæðum 2. mgr., telji það ástæðu til, og skulu breytingar tilkynntar með auglýsingu í B - deild Stjórnartíðinda.

#### 21. gr.

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag tilkynna það váttryggingataka og Váttryggingaeftirliti þegar í stað. Váttryggingatíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið tilkynnti váttryggingataka og Váttryggingaeftirlitinu sannanlega um lok váttryggingarinnar. Að þeim tíma liðnum telst leyfi til váttryggingamiðlunar fallið úr gildi nema önnur fullnægjandi starfsábyrgðartrygging hafi verið keypt, enda hafi váttryggingataka sannanlega verið veittur kostur á að tjá sig um niðurfellingu leyfisins.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um bankaábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóða sem heimilað er samkvæmt 4. mgr. 20. gr. að komi í stað starfsábyrgðartryggingar hjá váttryggingafélagi vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis.

Váttryggingaskilmálar starfsábyrgðartryggingar og breytingar á þeim skulu hljóta samþykki Váttryggingaeftirlitsins áður en þeir koma til framkvæmda.

### Skráning.

#### 22. gr.

Váttryggingaeftirlitið heldur skrá yfir þá sem leyfi hafa sem váttryggingamiðlarar hér á landi og um lögaðila sem reka váttryggingamiðlun. Sá sem fengið hefur starfsleyfi skal þegar í stað skráður í váttryggingamiðlaraskrá og í aðra opinbera skrá ef fyrirhælt er um slíkt í lögum. Eftirfarandi atviki skulu skráð í váttryggingamiðlaraskrá um váttryggingamiðlara og váttryggingamiðlun:

1. Nöfn, fæðingardagur og ár einstaklinga eða kennitala, lögheimili og aðsetur.



2. Utgáfudagur starfsleyfis og þess getið ef um bráðabirgðaleyfi er að ræða.
3. Greinaflokkar váttrygginga sem heimilt er að miðla.
4. Tengsl váttryggingamiðlara við einstök váttryggingafélög og félög í eigu þeirra.
5. Nafn og aðsetur þess váttryggingafélags er veitir lögboðna starfsábyrgðartryggingu og gildistíma, váttryggingafjárhæð og eigin áhættu.
6. Heiti, lögheimili og aðsetur váttryggingamiðlunar sem lögaðila, nöfn stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, nöfn, fæðingardagar og ár eða kennitala, svo og lögheimili og aðsetur þeirra starfsmanna sem leyfi hafa til að starfa sem váttryggingamiðlarar á hennar vegum.
7. Tengsl váttryggingamiðlunar sem lögaðila við einstök váttryggingafélög og félög í eigu þeirra.

Allar breytingar varðandi atriði sem skráð eru í váttryggingamiðlaraskrá skulu tilkynntar til Váttryggingaeftirlitsins eins fljótt og unnt er og eigi síðar en mánuði eftir að þær hafa tekið gildi.

Almenningi skal heimill aðgangur að váttryggingamiðlaraskrá.

#### 23. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaði tilkynningar um nýjar skráningar váttryggingamiðlara og lögaðila sem leyfi fá til váttryggingamiðlunar hér á landi og árlega skrá um þá sem slíkt leyfi hafa og skráðir eru.

Verði starfsleyfi fellt úr gildi skal þegar í stað má nafn leyfishafa úr skránni og tilkynna í Lögbirtingablaði.

### Tilkynningar og skil á gögnum.

#### 24. gr.

Ársreikning vegna starfsemi váttryggingamiðlunar sem lögaðila eða váttryggingamiðlara, skal senda Váttryggingaeftirlitinu innan mánaðar frá samþykkt hans, þó eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningurinn skal undirritaður af váttryggingamiðlara, og þegar við á, af stjórn og framkvæmdastjóra og endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Þegar ekki er um lögaðila að ræða skal váttryggingamiðlari senda Váttryggingaeftirlitinu rekstrar- og efnahagsreikning fyrir hvert almanaksár og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok þess.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um starfsemi vegna váttryggingaáhættu hér á landi.

#### 25. gr.

Ársreikningi eða rekstrar- og efnahagsreikningi skal fylgja skrá yfir þau váttryggingafélög sem miðlað er til vegna váttryggingaáhættu hér á landi ásamt iðgjaldamagni og þóknun sem miðlari hefur fengið frá hverju félagi vegna váttryggingasamninga sem hann hefur komið á, með skiptingu á greinaflokkum váttrygginga. Einnig skal fylgja greinargerð um önnur tengsl váttryggingamiðlara við váttryggingafélög.

#### 26. gr.

Váttryggingamiðlari og váttryggingamiðlun sem lögaðili skal láta Váttryggingaeftirlitinu í té sýnishorn af formi umboða og annarra samninga er hann gerir við váttryggingataka og váttryggingafélög vegna starfa sinna fyrir þá á sviði váttryggingamiðlunar.

#### 27. gr.

Váttryggingamiðlari og váttryggingamiðlun skal þegar í stað tilkynna Váttryggingaeftirlitinu, verði gerð skaðabótakrafa vegna starfa þeirra og um efni og fjárhæð kröfunnar.



**Eftirlitsgjald.**

28. gr.

Þeir sem starfsleyfi hafa fengið til váttryggingamiðlunar hér á landi skulu árlega greiða til Váttryggingaefirlitsins 0,033% af iðgjaldamagni sem miðlað er til váttryggingafélaga á því ári vegna váttryggingaáhættu hér á landi, þó eigi lægri fjárhæð en 25.000 kr., vegna kostnaðar sem eftirlit með starfseminni hefur í för með sér. Lágmarksgjaldið ber að greiða til Váttryggingaefirlitsins innan mánaðar frá lokum almanaksárs vegna starfseminnar á árinu á undan.

Váttryggingaefirlitið getur veitt undanþágu frá greiðslu lágmarksgjalds sé starfsemin takmörkuð.

Váttryggingaefirlitið getur gert váttryggingamiðlara að greiða kostnað samkvæmt reikningi vegna sérstakra kannana sem það telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi hans.

**Ýmis ákvæði.**

29. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar fésektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

30. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 81. gr. og 98. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, öðlast þegar gildi. Reglugerðin skal endurskoðuð eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku hennar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. ágúst 1994.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

---

*Páll Sigurðsson.*